



UM PRÓFTÖKU Á PRÓFADÖGUM OG SAMRÆMDUM PRÓFUM UPPLÝSINGAR TIL NEMENDA

Nemendur eiga að mæta stundvíslega í prófin.

Alger þögn skal ríkja í prófstofu. Ef nemandi þarfnast aðstoðar skal hann vekja athygli á því með því að rétta upp hönd. Truflun í prófi varðar brottvísun úr prófstofu.

Yfirhafnir og útiskór eru ekki leyfileg í prófstofu. Skólatöskur á ekki að koma með inn í prófstofur.

Nemendur eiga ekki að hafa annað en prófgögn og skriffæri á borðum í prófstofunni. Óheimilt er að hafa síma og/eða snjalltæki með sér í prófstofuna. Ef nemandi er uppvís að því að vera með snjalltæki í prófi jafngildir það einkunninni D í prófinu.

Nemanda sem staðinn er að svindli skal umsvifalaust vísað úr prófi til skólastjóra eða deildarstjóra og jafngildir það einkunninni D í prófinu. Forráðamenn eru upplýstir um málið.

Nemendur skulu ganga frá öllum blöðum á borði sínu í lok prófs.

Einungis fagstjórum og fagkennurum í viðkomandi grein er heimilt að svara fyrirspurnum frá nemendum varðandi prófið.

Ef yfirsetumaður er einn í stofu er honum óheimilt að sinna fyrirspurnum frá nemendum.

Nemendum er óheimilt að yfirgefa prófstofu fyrr en 2/3 hlutar próftímans er liðinn. Fagstjóri getur ákveðið að lengja próftímann og ákvörðun um slíkt er þá tilkynnt með a.m.k. 15 mínútna fyrirvara.

Að loknu prófi eiga nemendur að fara hljóðlega úr stofunni og eru að auki beðnir um að yfirgefa skólann, til að trufla ekki þá nemendur sem enn eru í próftöku.